



Til bæjarráðs,

Kópavogi, 26. apríl 2021

2011221/001.02 GEF

Efni: Borgarholtsbraut 39. Endurupptaka máls.

Hinn 21. apríl 2021, barst Kópavogsbæ tilkynning frá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála um samskipti nefndarinnar við kæranda í máli nr. 112/2020 er varðaði byggingarleyfi á fjórbylishúsi á lóðinni við Borgarholtsbraut 39, sem nefndin felldi úr gildi með úrskurði, dags. 12. mars 2021.

Með bréfi., dags. 19. apríl 2021, óskaði kærandi eftir því að málið yrði tekið til meðferðar að nýju þar sem ekki hafi vakað fyrir kæranda að krefjast ógildingar á byggingarleyfi fyrir umræddri nýbyggingu. Þá hefðu atvik breyst verulega frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp en jafnframt hefði kærandi ekki gert sér grein fyrir því að kæra hans gæti leitt til ógildingar ákvörðunarinnar þar sem byggingarleyfið hafi ekki verið útgefið á þeim tíma sem hann kærði ákvörðunina.

Úrskurðarnefndin féllst á beiðni kæranda um endurupptöku og óskaði eftir staðfestingu frá kæranda að vilji hans væri að afturkalla kærana sem fram kom í beiðni um endurupptöku. Kærandi staðfesti afturköllun kærunnar með tölvupósti 21. apríl 2021.

Framangreind endurupptaka og afturköllun kærunnar hefur því leitt til þess að úrskurður nefndarinnar frá 12. mars sl. hefur ekki lengur réttaráhrif. Hefur það byggingarleyfi sem gefið var út í desember 2020 því öðlast aftur gildi. Þá hefur kærumálið verið fellt niður í málaskrá nefndarinnar og kemur ekki til frekari meðferðar hjá nefndinni.

Virðingarfyllt,

Guðrún Edda Finnbogadóttir
Lögfræðingur



Kópavogur

Skjal sótt af '000000000000' dags: 19.08 2026